



MENNTAMÁLASTOFNUN

Víkurbær 3 • 203 Kópavogi

postur@mms.is • www.mms.is

(+354) 514 7500

Um aðferð við að tengja hæfniviðmið PISA við samræmd könnunarpróf

Hæfniviðmið PISA prófsins innihalda meðal annars viðmið um að lesa sér til gagns. Þetta viðmið um lágmarksfærni til að geta lesið sér til gagns er lagt til grundvallar þegar niðurstöður samræmdra prófa eru notaðar í tengslum við Þjóðarsáttmáli um læsi.

Við gerð hæfnimiðaðra einkunna er unnið bæði með hæfnilýsingar sem standa að baki viðkomandi prófi, inntak prófatriða og próffræðilegar upplýsingar um prófið og atriðin. Vinnuhópur sérfræðinga, sem þekkir til þátttakenda og inntaks prófsins, metur hvernig prófatriði samsvara ólíkum hæfniþrepum. Nokkrar aðferðir hafa verið þróaðar fyrir þennan hluta ferilsins. Niðurstöður vinnuhópsins eru síðan tengdar undirliggjandi kvarða prófsins gegnum eiginleika prófatriða. Að lokum eru fundnir punktar á kvarðanum þar sem skil milli hæfniþrepa liggja og hæfnieinkunnir gefnar í samræmi við þau.

Í Þjóðarsáttmála um læsi var stuðst við skilgreininga hæfniviðmiða PISA um það að lesa sér til gagns. Hinsvegar þótti æskilegra að nota niðurstöður samræmdra könnunarprófa til að útbúa töluleg viðmið fyrir sveitarfélög og skóla. Meginástæðan var sú að samræmd könnunarpróf gefa niðurstöður á hverju ári en PISA rannsóknin er á þriggja ára fresti. Til að flytja viðmiðið um að lesa sér til gagns yfir á normaldreifða kvarðann fyrir samræmdu könnunarprófin var stuðst við ákveðna grunneiginleika kvarðans. Fundinn var punktur á kvarðanum fyrir samræmd könnunarpróf með sömu einkenni og viðmiðið um að lesa sér til gagns á PISA kvarðanum. Sá punktur var notaður sem viðmið þegar upplýsingar um hlutfall nemenda í hverju sveitarfélagi sem gátu lesið sér til gagns voru birtar í tengslum við Þjóðarsáttmáli um læsi. Þar sem að, alla jafna, er um fáa nemendur að ræða var stuðst við niðurstöður nokkurra ára til að birta stöðugri niðurstöður.

Ein forsenda ólíkra aðferða við gerð hæfnieinkunna er að undirliggjandi hæfni og eiginleikar prófatriða liggja á sama kvarða.